

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 4. júní 2026.

Málið nr. S-3102/2024:

Ákærvaldið

(*Árni Bergur Sigurðsson aðstoðarsaksóknari*)

gegn

Margréti McArthur Friðriksdóttur

(*Hilmar Garðars Þorsteinsson lögmaður*)

Dómur:

Mál þetta er höfðað með ákæru Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 28. maí 2024 á hendur ákærðu, Margréti McArthur Friðriksdóttur, kt. 201177-5299, Álftheimum 66, Reykjavík, fyrir ærumeiðingar, ærumeiðandi aðdróttanir og fyrir að hafa haft í frammi ærumeiðandi aðdróttanir gegn betri vitund, gagnvart Barböru Björnsdóttur héraðsdómara, kt. 070573-5719, með því að hafa fimmtudaginn 9. febrúar og föstudaginn 10. febrúar 2023, í kjölfar þess að Barbara kvað upp dóm í máli ákærðu, skrifað eftirfarandi ummæli um Barböru á Facebook síðu sinni sem voru til þess fallin að meiða æru Barböru og drótta nokkru sem var til þess fallið að verða virðingu hennar til hnekkis:

- Fimmtudaginn 9. febrúar: „Viðbjóðslegur dómur og lauslát mella gefur sinn dóm: Nú var ég sakfelld í dag aflauslátri konu sem seldi blíðu sína til að komast í stöðu dómara, Barbara Björnsdóttir er mella [...].“ „Fyrir mér er þessi dómari lauslát mella sem hefur selt sálu sína, og því verður svarað.“
- Föstudaginn 10. febrúar: „Dómarinn tekur ekki mark á vitnum og falsar vitnisburði sem komu skýrt fram í dómsal. Fyrir mér er þetta glæpsamleg hegðun og þarna augljóslega verið að misnota dómsvaldið til að hefna sín á borgurum, ég skulda þessari lauslátu konu ekki neitt [...].“
- Föstudaginn 10. febrúar: „Þarna er augljóslega verið að misnota ríkisvaldið dómskerfið, en þess má geta að fv. rannsóknarlögreglumáður hafði samband við mig fyrir 2. vikum síðan til að tilkynna mér það að ég myndi tapa málinu og Barbara dómari væri með í því plotti, nú hefur það komið á daginn.“ „[...] ég skulda þessu siðblinda hyski sem hagræðir dómum eftir beiðni, ekki neitt.“

Er háttsemin talin varða við 234. gr., 235. gr. og 1. mgr. 236. gr., allt sbr. b. lið 242. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og þess krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærða krefst sýknu af kröfum ákæruvaldsins, en að því frágengnu verði henni annað hvort ekki gerð refsing eða hún dæmd til vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá verði allur sakarkostnaður felldur á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun verjanda.

I. - Réttarfarsatriði.

Með úrskurði dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur 4. júní 2024 viku allir dómáramar við Héraðsdóm Reykjavíkur sæti í málinu. Með bréfi Dómstólasýslunnar 7. júní sama ár var Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara við Héraðsdóm Reykjaness falin meðferð máls. Málið var þingfest 1. júlí 2024. Meðferð þess dróst vegna verjandaskipta af hálfu ákærðu. Með úrskurði 10. desember 2024 vék héraðsdómarmanninn sæti í málinu. Þeim úrskurði var snúið við með landsréttarúrskurði 9. janúar 2025. Með héraðsdómsúrskurði 14. febrúar 2025 var ákveðið að þinghald til aðalmeðferðar máls skyldi háð fyrir luktum dyrum. Með sama úrskurði var ákærðu heimilað að leiða fyrir dóm sem vitni Símon Sigvaldason landsréttardómara, en synjað um heimild til að leiða tvo aðra nafngreinda einstaklinga. Sá úrskurður var einnig kærður til Landsréttar. Með landsréttarúrskurði 30. apríl 2025 var ákveðið að þinghald til aðalmeðferðar skuli háð fyrir opnum dyrum, en staðfest sú niðurstaða héraðsdóms að synja ákærðu um heimild til að leiða sem vitni einstaklingana tvo. Með héraðsdómsúrskurði 28. maí var Vilhjálmi Hans Vilhjálmsyni lögmanni Barböru synjað um aðild að málflutningi um ágreining ákæruvalds og ákærðu um hvort ákærðu væri heimilt að leggja fram óundirritað bréf 13. júlí 2018 til Dómstólasýslunnar og leiða sjö nafngreinda einstaklinga sem vitni. Með héraðsdómsúrskurði 5. júní 2025 var ákærðu synjað um heimild til að leggja bréfið fram og synjað um heimild til að leiða átta nafngreinda einstaklinga fyrir dóm. Með landsréttarúrskurði 4. september 2025 var staðfest niðurstaða héraðsdóms um vitnin átta, en ákærðu heimilað að leggja bréfið fram. Við svo búið var málið tækt til efnismeðferðar.

Aðalmeðferð var háð 16. janúar 2026 og málið dómtekið þann dag að loknum munnlegum málflutningi. Vegna veikinda dómara varð dómur ekki kveðinn upp innan fjögurra vikna, svo sem ráð er fyrir gert í 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, en þar segir að hafi dómur ekki verið kveðinn upp í munnlega fluttu máli innan fjögurra vikna frá dómtöku skuli það „flutt að nýju“ nema dómari og aðilar telji það

óþarft. Ákærða var ekki reiðubúin að lýsa því yfir og krafðist þess „að við endurflutning málsins fáið Sigríður Hjaltsted leidd sem vitni, og jafnframt að vitnin Barbara Björnsdóttir og Símon Sigvaldason fáið leidd að nýju“. Sú krafa var tekin fyrir á dómþingi 6. mars 2026, henni mótmælt af hálfu ákærvaldsins og málið flutt um þann ágreining. Með héraðsdómsúrskurði 13. mars var synjað um tilgreinda kröfu ákærðu. Sá úrskurður sætti einnig kæru. Með landsréttarskurði 24. apríl sl. var staðfest niðurstaða héraðsdóms. Við svo búið var málið tækt til endurflutnings samkvæmt reglum 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008. Að loknum endurflutningi 29. maí var málið dómtekið öðru sinni.

II. - Yfirlit helstu málavaxta og lögreglurannsókn.

1.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 9. febrúar 2023 var ákærða dæmd í 30 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn 233. gr. almennra hegningarlaga, með því að hafa í ágúst 2018, fyrir utan veitingastaðinn Benzincafe í Reykjavík, hótað Semu Erlu Serdaroglu með því að segja: „Ég drep þig, fokking ógeðslega tíkin þín“ eða „I’m gonna kill you, you fucking bitch“, en umrædd hótun þótti til þess fallin að vekja hjá Semu Erlu ótta um líf sitt, heilbrigði og velferð. Barbara Björnsdóttir kvað upp dóminn. Dómurinn lagðist illa í ákærðu og sama dag skrifaði hún á Facebook síðu sína þau ummæli sem tekin eru upp og ákært er fyrir í 1. tölulið ákæru. Umrædd færsla er lengri en þar kemur fram og nafngreindir ákærða annan dómara, sem hún segir Barböru hafa haldið við. Daginn eftir birti ákærða tvær færslur á Facebook síðunni og er ákært fyrir hluta þeirra skrifa í 2. og 3. tölulið ákæru.

2.

Með bréfi Vilhjálms Hans Vilhjálmssonar lögmanns Barböru 13. febrúar 2023 var lögð fram kæra á hendur ákærðu fyrir hótanir, ærumeiðingar og aðdróttanir gagnvart opinberum starfsmanni og þess krafist að lögregla hæfi rannsókn máls og fylgdi henni eftir með opinberri málshöfðun á hendur ákærðu.

Þá gerðist það 28. mars 2023 að ákærða sendi Barböru svohljóðandi einkaskilaboð gegnum Facebook reikning sinn: „Þú fremur á mér réttarmorð, og kærir mig fyrir að mótmæla því með sannleikann að vopni, áhugavert. Þú ert komin í naflaskoðun hvað varðar óheiðarleika þinn og lauslæti, og ef þú telur þig yfir mig hafin þá skjátlást þér, því sannleikurinn sigrar ávalt óheiðarleikann. Fyrir mér ert þú óheiðarlegt úrhak í kerfinu sem ber að svara. Vertu sæl, þangað til næst.“

3.

Ákærða gaf skýrslu hjá lögreglu 30. mars 2023 að viðstöddum verjanda. Ákærða gekkst greiðlega við því að hafa skrifað á Facebook síðu sína þann texta sem ákært er fyrir, kvaðst standa fóst á því að hún teldi Barböru Björnsdóttur vera lausláta mellu og vísaði til algengustu merkingar hugtaksins mella í nútímamáli, þ.e. lauslát kona eða skækja. Í framhaldi bar ákærða að Barbara væri gift kona sem hefði haldið við kvæntan mann, Símon Sigvaldason yfirmann sinn og dómstjóra í Héraðsdómi Reykjavíkur og því væri hún lauslát mella að mati ákærðu. Að þessu gættu liti ákærða svo á að dómgreind Barböru væri ekki í lagi og hún ekki hæf til að gegna starfi héraðsdómara. Sökum þessa hafi ákærða skrifað á Facebook síðuna að hún hafi verið sakfelld af lauslátri konu, sem seldi blíðu sína til að komast í stöðu dómara. Jafnframt teldi ákærða það merki um spillingu að umræddur dómstjóri hafi gert Barböru að aðstoðardómstjóra. Barbara hafi svo selt sálu sína með umræddum dómi; dómi sem væri mjög ósanngjarn og fæli í sér réttarmorð og því mjög eðlilegt að ákærða yrði reið eftir dómsuppsögu og brygðist við með þeim hætti sem hún gerði í þremur færslum á Facebook síðu sinni 9. og 10. febrúar 2023. Liður í óásættanlegu framferði Barböru hafi verið að falsu vitnisburði þeirra sem komu fyrir dóm, þannig að það sem vitni sögðu kom ekki fram í dómsorði. Þess utan hafi Barbara ekki kallað lykilvitni fyrir dóm, sem hefðu ella staðfest framburð ákærðu um að Sema Erla Serdaroglu hafi átt upptök að rifrildi í ágúst 2018, sem ákærða hlaut síðan dóm fyrir. Í því felist glæpsamleg hegðun Barböru og misnotkun dómsvalds til að ná sér niðri á ákærðu. Vísaði ákærða og til þess að fyrrum rannsóknarlögreglumaður hefði haft samband við hana fyrir dómsuppsögu, sagt ákærðu að hún myndi tapa málinu „og Barbara dómari væri með í því plotti“. Sökum alls þessa teldi ákærða siðblint hyski hér á ferð, sem hagræði dómum og því skuldi ákærða þeim ekki neitt.

Ákærða kvaðst standa við hvert orð sem fram komi í Facebook færslunum og ekki telja þau skrif ærumeiðandi; hún hafi sagt sannleikann og það geti ekki talist ærumeiðing. Þá væri samband Barböru og hins kvænta dómara á allra vitorði innan lögmanna- og dómarastéttarinnar og þætti mikið hneyksli innan vébanda sömu stétta. Nánar aðspurð um tilgang Facebook skrifanna kvaðst ákærðu hafa liðið skelfilega eftir dóm Barböru, hún þurft að léttu af sér og einnig koma í veg fyrir að viðhald Barböru í Landsrétti (Símon Sigvaldason) tæki við málinu, því þá væri augljóst hvernig málið færi í Landsrétti, enda um hagsmunaárekstur og spillingu að ræða „að það sé þarna kærustupar í Landsrétti og héraðsdómi“.

4.

Barbara Björnsdóttir gaf skýrslu hjá lögreglu 21. september 2023. Hún kvaðst ekki hafa þekkt til ákærðu áður en hún fékk til meðferðar umrætt sakamál, sem lauk með dómi Barböru 9. febrúar 2023. Í kjölfarið hafi Barbara frétt að ákærða hefði veist að henni á Facebook með mjög meiðandi og ósönnum ummælum um persónu og störf Barböru sem dómari. Hún kvað skrif ákærðu hafa borist víða, verið á allra vitorði og Barbara upplifað þau sem grófar ærumeiðingar og alvarlegar aðdróttanir, hún sögð óheiðarleg manneskja og ákærða þannig vegið að persónu Barböru og starfsheiðri. Barbara kvaðst ekki skilja tilgang Facebook skrifanna, benti á að fólk gæti verið ósátt við dómsúrlausnir hennar og hefði þá rétt til að áfrýja þeim dómum. Barbara kvað skrif ákærðu hafa verið mjög truflandi fyrir fjölskyldu sína og hana sjálfa, hún ekki vilja sitja undir slíkum óhróðri og því vildi hún kæra ákærðu til refsingar.

5.

Með dómi Landsréttar 15. desember 2023 í máli nr. 169/2023 var ákærða sýknuð af ákæru fyrir hótun gagnvart Semu Erlu Serdaroglu í ágúst 2018 og sú niðurstaða dregin saman á svohljóðandi veg: „Eins og málið liggur fyrir leikur slíkur vafi á því sem fram fór á milli ákærðu og [Semu Erlu] umrætt sinn að í raun er útilokað að fullyrða að ákærða hafi viðhaft þær hótanir gagnvart [Semu Erlu] sem hún er sökuð um.“ Að því gættu yrði ekki talið að ákæruvaldið hefði sannað, svo hafið væri yfir skynsamlegan vafa, að ákærða hafi greint sinn hótad Semu Erlu lífláti og því bæri að sýkna ákærðu af kröfum ákæruvaldsins.

III. - Framburður ákærðu og vitna fyrir dómi.

1.

Fyrir dómi greindi ákærða frá því að hún hafi orðið fyrir gríðarlegu áfalli þegar Barbara Björnsdóttir framdi „réttarmorð“ á henni með dómi 9. febrúar 2023 þá er Barbara dæmdu hana ranglega fyrir hótun gagnvart Semu Erlu Serdaroglu, þrátt fyrir vitnisburð margra sem staðfestu að ákærða væri saklaus í því máli. Jafnframt „laug [Barbara] upp á vitni“ og bjó til lygasögu í rökstuðningi sínum fyrir dómSORði. Þannig hefði Barbara sakað vitnið Helga Val Mátsson um að vera vin ákærðu þrátt fyrir að hún þekkti hann ekki neitt. Þá hafi ónefndur rannsóknarlögreglumaður upplýst ákærðu áður en dómur gekk að búið væri að ákveða að dæma hana og hún myndi tapa málinu. Ákærða hafi ekki viljað trúa því að íslenska dómskerfið væri svo spillt, en Barbara svo framið á henni réttarmorð. Til að setja punktinn yfir i-ið hafi saksóknarinn og Sema Erla fallist í faðma þegar Barbara kvað

upp sinn dóm, ákærða við það upplifað „algera valdniðslu í íslensku samfélagi“ og misst alla trú á því sem kallast réttlæti og réttarríki. Hún kvaðst eðlilega hafa verið mjög reið og í miklu áfalli í kjölfar dómsniðurstöðunnar og þá geti fólk sagt ýmislegt „í hita leiksins“. Sama dag hafi ákærða því ritað þá færslu á Facebook síðu sína sem ákært er fyrir í 1. tölulið ákæru og daginn eftir ritað þær færslur sem ákært er fyrir í 2. og 3. ákærulið. Ákærða kvaðst standa við hvert orð sem hún skrifaði í færslunum þremur, þar á meðal að Barbara væri lauslát mella og sagði þau ummæli og önnur skrifuð „í víðu samhengi“. Áður en til skrifanna kom hafi ákærða verið búin að heyra að Barbara væri óheiðarleg, vissi að hún hefði framið hjúskaparbrot 2017 með sínum yfirmanni og sagðist ákærða ekki kæra sig um að fólk sem fremji lögbrot dæmi hana ranglega. Að mati ákærðu væri Barbara því vanhæfur dómari í skilningi dómstólalaga.

Nánar aðspurð um sakarefni samkvæmt 1. tölulið ákæru kvaðst ákærðu hafa verið „mjög heitt í hamsi“ og Barbara búin að níðast á henni „frá A til Ö“ þegar ákærða skrifaði umrædda færslu. Með orðunum „viðbjóðslegur dómur“ hafi ákærða verið að vísa til dóms Barböru, sem fæli í sér réttarmorð. Með orðunum „lauslát mella“ hafi ákærða vísað til þess að Barbara hefði á sama tíma verið búin að selja sálu sína, sagði tilvitnað orðasamband hafa fjölþætta merkingu, Barböru hafa verið búna að fremja hjúskaparbrot sem dómari með sínum yfirmanni innan veggja Héraðsdóms Reykjavíkur og ákærða hafa fyrir því órækar heimildir, en gæti ekki upplýst um heimildarmann eða heimildarmenn því hún væri sjálf blaðamaður. Aðspurð hvað hún hefði fyrir sér í því að Barbara hefði „selt blíðu sína til að komast í stöðu dómara“ kvaðst ákærða hafa mismælt sig í þeim þætti skrifanna, vísaði til þess að þarna hefði komið til „rangritun eða auto correct eða eitthvað“ á Facebook forritinu og ákærða átt við að Barbara hefði selt sálu sína til að fá stöðu varadómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur. Nánar aðspurð um meinta rangritun staðfesti ákærða að hún hafi sjálf skrifað „stöðu dómara“ í Facebook færslunni og hún síðar leiðrétt þá ónákvæmni. Hvað sem því líði hafi Barbara fengið varadómstjórastöðuna „sem ekki er hefð fyrir“, þar sem hefðin sé sú að sá dómari sem væri með mestu reynsluna fengi þá stöðu, en einhverra hluta vegna hafi „ástkona“ Símonar Sigvaldasonar dómstjóra fengið stöðuna eftir að hann mælti með henni og ákærðu skilist að með því hafi verið gengið framhjá öðrum dómurum við sama dómstól.

Aðspurð um orðnotkunina „mella“ og „lauslát mella“ kvaðst ákærða telja sig hafa farið varlega í því orðavali og áður kannað í orðabók Árnastofnunar hver væri merking orðsins mella; hún þannig slegið inn í leitarvél „kona“ og „framhjáhald“, fengið til baka

mörg mjög ljót orð eins og herfa og dræsa og ákveðið að nota mildasta orðið, „mella“, sem dregið sé af því finlega orði mademoiselle og ákærða því ekki talið sig hafa verið að móðga Barböru „neitt sérstaklega“ með umræddu orðavali.

Ákærðu var sýnt óundirritað bréf til Dómstólasýslunnar 13. júlí 2018. Hún kvaðst vera að sjá það bréf í fyrsta skipti, hún því aldrei lesið bréfið og ekki þekkja efni þess.

Aðspurð um sakarefni samkvæmt 2. tölulið ákæru kvaðst ákærða standa við þau ummæli í heild og þau orð að Barbara hafi falsað vitnisburði fyrir dómi, misnotað vald sitt sem dómari, verið að níðast á og hefna sín á borgurum og að í því felist augljós spilling í rotnu dómskerfi, í það minnsta innan Héraðsdóms Reykjavíkur. Nánar aðspurð bar ákærða að sú staðreynd að hægt sé „að panta niðurstöður dóma sé viðbjóðslegt“ og á meðan svo sé geti Ísland ekki talist réttarríki. Aðspurð hver pantað hafi þá niðurstöðu sem Barbara komst að kvað ákærða þá spurningu mjög góða, sagði „augljóst að [Barbara] var ekki ein að verki“ og bætti við að einhver hafi hringt í Barböru, vísað til alvarlegra afglapa hennar í starfi með hjúskaparbroti á vinnutíma og sagt „heyrðu Barbara, varðandi þarna orgíuna þarna sem þú náðist í þarna og kvartað var yfir fyrir nokkrum árum síðan, við treystum því að þú dæmir hana Margréti er það ekki, annars fer þetta í opinbera umfjöllun eða eitthvað“.

Aðspurð hvort „hefnd“ Barböru hafi beinst að ákærðu eða gegn öllum borgurum þessa lands kvað ákærða augljóst að dómurinn væri „Woke-dómur“; hún sjálf starfa við fjölmiðlun, hafa í því starfi verið að hrista svolítið upp í samfélaginu og sagði að á meðan fólk eins og Barbara gegni dómastöðu séu allir borgarar í hættu.

Aðspurð hvað hún hefði fyrir sér í því að Barbara hefði „falsað vitnisburði“ kvað ákærða þetta koma fram „í dómsgerðum“ og að Barbara „lýgur upp á vitnin að hann vildi ekki mæta og boðaði aldrei þetta vitni fyrir dóm; það sem hún átti að gera“. Svo hafi Barbara hringt í umrætt vitni, Helga Val Másson, á þriðjudegi, Helgi þá verið staddur á Grensásvegi í lélegu símasambandi, Barbara spurt hvort hann gæti komið í dómsal, Helgi sagst vera bíllaus og Barbara sagt „allt í lagi, fínt“ og hún slitið símtalinu án þess að bjóða Helga, eins og öðrum vitnum, að mæta við framhaldsaðalmeðferð á fimmtudeginum. Í kjölfarið hafi Barbara svo logið í sinni niðurstöðu að Helgi hefði neitað að koma fyrir dóm og væri það ekkert annað en „ósannindi og fals og lygi“. Aðspurð hvort Barbara hafi verið að boða umrætt vitni kvað ákærða Barböru hafa átt að boða Helga því hún hafi verið að tala við hann í síma og boðið öðrum „lykilvitnum sínum“ að mæta á fimmtudeginum. Aðspurð hvort hún hafi heyrt Barböru boða Helga kvað ákærða nei við og sagði Helga

aldrei hafa fengið boðun „því þetta vitni hentaði ekki þeim“. Barbara hafi svo látið að því liggja í sínum niðurstöðum að Helgi væri vinur ákærðu, en hún þekki hann ekki neitt.

Aðspurð hvaða merkingu hún legði í orðin „að falsa vitnisburð“ kvað ákærða þetta felast í því „að breyta vitnisburði“ og ljúga upp á Helga að hann vildi ekki mæta fyrir dóm. Þess í stað hafi verið tekin símaskýrsla af Helga og hljóðskilyrði ekki verið góð til upptöku á framburði hans. Í framhaldi kvað ákærða það hafa verið ranglega orðað í Facebook færslunni að Barbara hefði „falsað vitnisburði sem komu skýrt fram í dómsal“ og hið rétta sé að Barbara laug því í sínum dómi að Helgi hafi ekki viljað mæta í dóm. Í framhaldi kvað ákærða Barböru ekki hafa falsað neitt sem fram kom í vitnisburði Helga við skýrslugjöf hans fyrir dómi gegnum síma.

Aðspurð um sakarefni samkvæmt 3. tölulið ákæru kvaðst ákærða standa við þau ummæli í heild. Aðspurð um meint „plott“ kvað ákærða fyrrum rannsóknarlögreglumann hafa komið til hennar nokkrum dögum fyrir dómsuppsögu og sagt að búið væri að ákveða að hún yrði dæmd og að Barbara „væri með í því“. Ákærða kvaðst ekki geta gefið upp nafn rannsóknarlögreglumannsins þar sem hún væri bundin trúnaði við hann „sem blaðamaður“ og „blaðamenn“ gefi aldrei upp heimildarmenn sína. Hún kvaðst þó hafa spurt viðkomandi hvort hann vildi bera vitni í þessu máli, en hann sagst ekki treysta sér til þess.

Aðspurð hvað hún hafi átt við með orðunum „ég skulda þessu siðblinda hyski sem hagræðir dómum eftir beiðni ekki neitt“, sagði ákærða ummælin rétt. Hún kvaðst ekki vita hverjir hafi verið með Barböru í „plotti“ gegn henni, en sagði sannleikann alltaf koma í ljós og taldi að hér hafi verið á ferð „pólítískar árásir“ gegn henni og „keypt niðurstaða“ í því máli sem Barbara dæmdi. Benti ákærða á að framburður vitna hafi verið í ósamræmi við niðurstöðu Barböru, hún ekki farið eftir lykilvitnunum í málinu og vísað til hliðar öllum vitnum sem voru hliðholl ákærðu. Þetta gefi til kynna að niðurstaðan sé fyrir fram ákveðin. Aðspurð hvort hún teldi samsæri gegn henni tengjast pólítík í skilningi stjórn mála kvað ákærða „Woke-hyski innan dómstólanna“ hafa staðið að baki plottinu og hún augljóslega sætt ofsóknum.

Aðspurð um hvaða áhrif sakfellingardómur Barböru hafi haft á hana sagði ákærða áhrifin hafa verið hræðileg og sé svo enn, en nær vikulega sé skrifað að ákærða sé dæmd ofbeldiskona og þannig ekkert mark tekið á sýknudómi Landsréttar. Ákærða kvað börn sín einnig hafa orðið fyrir aðkasti vegna dóms Barböru og annars sem búið væri að byggja upp gegn ákærðu í samfélaginu. Þetta hafi viðgengist í áraráðir og persóna hennar verið afskræmd, meðal annars gegnum fjölmiðla.

2.

Barbara Björnsdóttir bar fyrir dómi að hún teldi dómsframburði í þessu máli hafa afar takmarkaða þýðingu, kvaðst áður hafa gefið skýrslu hjá lögreglu, vísaði um málsatvik til þess sem þar kom fram, sem og til kæruskýrslu sinnar og kvaðst ekki sjá annað en að hér væri fyrst og fremst á ferð lögfræðilegur ágreiningur. Í framhaldi kvaðst Barbara ekki betur sjá en að ákærða einblíni á fyrsta ákæruliðinn af þremur og noti þau ummæli sem þar koma fram til að svarta mannorð Barböru. Í kjölfarið sagði Barbara að fyrir nokkrum árum hafi gengið sögusagnir um meint samband hennar við þáverandi dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur. Slíkar sögusagnir geti á engan hátt réttlætt þau ummæli sem ákært er fyrir og breyti þar engu framlagning ákærðu á óundirrituðu rógshréfi til Dómstólasýslunnar 13. júlí 2018. Það bréf sé skrifað af Sigríði Hjaltested samdómara Barböru og kvað hún Sigríði hafa lagt hana í einelti um langt árabil og breytt út sögur um hana.

Að loknum spurningum sækjanda var verjanda gefið orðið. Hann hóf mál sitt svo: „Nú dæmdirðu Margréti saklausa í fangelsi ...“ Áður en verjandi komst lengra greip Barbara inn í og mótmælti orðfæri verjanda. Sækjandi og lögmaður Barböru tóku undir og í framhaldi sagði dómari: „Til að skýra og leiðrétta þetta, að sá sem er sýknaður í sakamáli, það hefur enginn sagt að hann sé sak laus; hann er sýknaður“. Í framhaldi var verjandi beðinn að umorða sína spurningu. Verjandi hélt fast við það að téð ummæli endurspeglí afstöðu ákærðu til dómsniðurstöðu Barböru, sem studd væri sýknudómi Landsréttar og spurði Barböru: „Skammast þú þín að einhverju leyti fyrir þá sakfellingu?“ Barbara brást ókvæða við, sagði þessa spurningu óviðeigandi, hún hafa verið að sinna sínu starfi og svar hennar væri „nei“. Aðspurð af verjanda kvaðst Barbara aldrei hafa átt í ástarsambandi við Símon Sigvaldason og bætti við að hún teldi þá spurningu ekki aðeins óviðeigandi heldur enga þýðingu hafa fyrir úrslit þessa máls og ekki réttlæta þau ummæli ákærðu að Barbara „sé lauslát mella sem seldi blíðuna til að fá stöðu dómara“. Í framhaldi var Barböru kynnt að í títtnefndu bréfi til Dómstólasýslunnar komi fram að þáverandi dómstjóri hafi fundað með henni og Símoni Sigvaldasyni um meint ástarsamband og kvað Barbara það rangt.

Barbara kvaðst hafa hlotið skipun í embætti héraðsdómara frá 1. apríl 2013, hún þá verið í hjúskap og hún og eiginmaður hennar slitið samvistir 2021. Barbara kvaðst hafa verið kjörin varadómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur í árslok 2017; hún kosin til þess starfa með atkvæðum meirihluta samdómara sinna í leynilegri kosningu og gegnt starfinu í fimm ár. Barbara kvaðst ekki vita hvort hún hafi hlotið atkvæði Símonar við þá kosningu. Hún

kvað Facebook færslurnar þrjár hafa haft afar truflandi áhrif á líf hennar og valdið henni ómældri vanlíðan.

3.

Símon Sigvaldason kom fyrir dóm. Aðspurður af verjanda hvort Símon hafi átt í ástarsambandi við Barböru Björnsdóttur kvaðst hann ekki telja sig þurfa að svara spurningum sem lúta að því hvort hann hafi átt í ástarsambandi við aðrar konur en eiginkonu sína, sbr. 1. mgr. 118. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Verjandi sýndi Símoni hið óundirritaða bréf til Dómstólasýslunnar 13. júlí 2018. Hann kvaðst ekki áður hafa séð bréfið, en heyrt ávæning af nafnlausu bréfi sem borist hefði til Dómstólasýslunnar. Verjandi kynnti Símoni að samkvæmt bréfinu hafi verið „mikill orðrómur“ í Héraðsdómi Reykjavíkur um að hann og Barbara ættu í ástarsambandi eða mjög nánú sambandi. Símon kvaðst hafa verið kunnugt um þann orðróm. Aðspurður hvort sá orðrómur sé rangur kvaðst Símon ekki tjá sig um það, ekki þurfa að svara þeirri spurningu og vísaði til 118. gr. sakamálalaga. Aðspurður hvort fyrrum dómstjóri hafi rætt við Símon og Barböru um téðan orðróm vísaði Símon til fyrri afstöðu og kvaðst ekki telja sig þurfa að svara þeirri spurningu eða öðrum sem lúta að því hvort hann hafi átt í ástarsambandi við aðrar konur á meðan hann var í hjónabandi.

IV. - Málalíbúnaður ákærvaldsins og ákærðu.

1.

Af hálfu ákærvaldsins er á því byggt að háttsemi ákærðu sé lýst með skýrum hætti í ákæru, ummæli sem ákært er fyrir tilgreind í 1.-3. ákærulið og þau ummæli heimfærð til refsingar samkvæmt 234., 235. og 1. mgr. 236. gr., allt sbr. b. lið 2. töluliðs 242. gr. almennra hegningarlaga. Að því gættu vísi ákærvaldið á bug þeim hugleiðingum ákærðu að málið kunni að sæta frávísun frá dómi án kröfu.

Ákærvaldið bendir á ákærða hafi frá upphafi gengist við þeim Facebook skrifum sem ákært er fyrir og að hún hafi beint þeim ummælum sínum að Barböru Björnsdóttur héraðsdómara. Málsatvik séu því óumdeild og telji ákærvaldið að við úrlausn máls vegist á sjónarmið um tjáningarfrelsi ákærðu og takmörk þess og sjónarmið um æruvernd og friðhelgi einkalífs Barböru Björnsdóttur samkvæmt 1. mgr. 71. gr. stjórnarskárinnar nr. 33/1944 og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu (MSE). Þótt ákærða njóti tjáningarfrelsis samkvæmt 73. gr. stjórnarskrár og 10. gr. MSE sé það frelsi takmarkað og beri hún ábyrgð

á ummælum sem fari út fyrir það sem lög heimila og nauðsyn ber til að vernda í lýðræðislegu þjóðfélagi.

Ákærvaldið hafnar því að Facebook skrif ákærðu um Barböru 9. og 10. febrúar 2023 geti talist liður í opinberri umræðu um mikilvæg þjóðfélagsleg málefni og eigi af þeim sökum brýnt erindi við almenning. Þá mótmælir ákærvaldið sönnunargildi óundirritaðs bréfs til Dómstólasýslunnar 13. júlí 2018, sem ákærða segist fyrst hafa vitað um og séð á aðalmeðferðardegi þessa máls. Hin ákærðu ummæli verði því ekki réttlætt með vísan til efnis þess bréfs. Ákærvaldið byggir á því að ákærð ummæli feli ekki í sér gildisdóma ákærðu um persónu og embættisstörf Barböru heldur staðhæfingar um staðreyndir sem unnt sé að færa sönnur á og hafi ákærða ekkert fært það fram í málinu sem sanni réttmæti ummælanna. Verði hins vegar litið svo á að ein eða fleiri ummæli feli í sér gildisdóma er á því byggt að það leysi ákærðu ekki undan refsíabýrgð, enda ljóst af dómaframkvæmd að gildisdómar verði að hafa einhvern staðreyndalegan grundvöll og að slík ummæli megi ekki vera úr lausu lofti gripin, eins og hér hátti til.

Að því er sérstaklega varðar ummæli í 1. tölulið ákæru telur ákærvaldið að með fullyrðingu ákærðu fyrir dómi um að Barbara Björnsdóttir sé lauslát mella hafi ákærða staðfest að í Facebook skrifum hennar 9. febrúar 2023 felist staðhæfing um staðreynd sem unnt sé að færa sönnur á. Orðið mella hafi ekki aðra þýðingu í nútímamáli en að viðkomandi selji blíðu sína. Að halda því síðan fram að Barbara hafi sem dómari og vændiskona í senn selt blíðu sína og sál til að fá embætti héraðsdómara sé beinlínis rangt og feli í sér ávirðingu um brot gegn 109. gr. almennra hegningarlaga. Ummælin í heild séu til þess fallin að rýra traust almennings til Barböru sem dómara og hnekkja virðingu hennar. Ummælin séu ekki aðeins ósönnuð heldur gjörsamlega úr lausu lofti gripin og feli í heild í sér grófa móðgun og ærumeiðingu samkvæmt 234. gr. almennra hegningarlaga og refsiverða aðdróttun samkvæmt 235. gr., en að öðrum kosti ærumeiðandi móðgun að hluta og refsiverða aðdróttun að hluta, sbr. til hliðsjónar dómur mannréttindadómstóls Evrópu (MDE) í máli nr. 41205/98: *Tammer gegn Eistlandi*.

Ákærvaldið byggir á því að með ummælum í 2. tölulið ákæru drótti ákærða að Barböru fölsun sönnunargagna í opinberu starfi og stórfellda misnotkun á stöðu sinni sem héraðsdómari við meðferð og úrlausn dómsmáls, en síðargreint brot varði allt að 16 ára fangelsi samkvæmt 130. gr. almennra hegningarlaga. Ummælin feli í rangar og ósannar fullyrðingar um refsiverða háttsemi Barböru, séu þannig augljóslega staðhæfingar um staðreyndir og beri að meta ummælin í heild sem sérlega grófa og refsiverða aðdróttun,

sem ekki sé fótur fyrir. Til að vanvirða Barböru enn frekar hafi ákærða fullyrt enn og aftur í niðurlagi téðrar færslu að Barbara sé lauslát kona og teljist þau ummæli í það minnsta refsiverð ærumeiðing.

Að því er varðar 3. ákærulið telur ákæruvaldið tilgreind ummæli af sama meiði og ummæli í 2. ákærulið og byggir á sömu sjónarmiðum og lagarökum. Hér vegi ákærða gróflega að hæfi Barböru til að gegna embætti héraðsdómara, brigsli Barböru enn um alvarleg refsiverð brot í embætti, fullyrði að Barbara sé ekki sjálfstæð í dómstörfum heldur lúti hún boðvaldi ótilgreindra einstaklinga eða afla og beri ákærða fyrir sig í þeim efnun meintan, ónafngreindan og væntanlega uppskálldaðan rannsóknarlögreglumann. Þannig séu hér enn á ferð refsiverðar staðhæfingar um staðreyndir, sem ekki sé fótur fyrir.

Ákæruvaldið telur að virða beri ummælin í 1.-3. ákærulið sem eina heild við úrlausn þessa máls og breyti þar engu þótt dómurinn telji ákærðu eftir atvikum fletta saman gildisdómum og röngum og ósönnuðum staðhæfingum um staðreyndir, sbr. til hliðsjónar hæstaréttardómur nr. 28/2024. Öll ummælin hafi verið sett fram og þau borin út gegn betri vitund, ákærða í engu tilviki sett fyrirvara við sannleiksgildi ummællanna, fyrir dómi sagst standa við öll ummæli þrátt fyrir að þau hafi verið hrakin og engin merki sýnt um iðrun. Beri því að sakfella ákærðu samkvæmt ákæru og dæma hana að lágarki í 30 daga fangelsi, enda um mjög alvarleg brot að ræða.

2.

Við upphaf munnlegs málflutnings 16. janúar sl. og endurflutning 29. maí var af hálfu ákærðu gagnrýnt að sundurgreining á sakarefni og heimfærsla til refsíákvæða í ákæru sé svo óljós að torvelt sé að taka til skynsamlegra varna. Þannig sé ákært fyrir þrenns konar eðlisólík brot, þ.e. brot á 234. gr., 235. gr. og 1. mgr. 236. gr. án þess að tilgreint sé í ákæru hvaða einstök ummæli í 1., 2. og 3. ákærulið séu talin falla undir hvert og eitt refsíákvæði. Þar sem þetta hafi ekki verið gert og ákæruvaldið heimfæri ummæli ákærðu í heild undir þrjú ólík refsíákvæði hljóti að koma til álita að dómari vísi málinu frá dómi án kröfu, sbr. til hliðsjónar hæstaréttardómur nr. 693/2010.

Verði ekki á þetta fallist byggir ákærða á því að hin ákærðu ummæli hafi fallið í kjölfar þess að Barbara Björnsdóttir dæmdi ákærðu saklausa til fangelsisrefsingar. Ákærða hafi eðlilega verið í miklu uppnámi eftir ranglátan dóm, sem síðan var snúið við í Landsrétti. Ummælin beri að virða í þessu samhengi, geti því ekki talist refsiverð og feli annars vegar í sér gildisdóma ákærðu um Barböru og hins vegar staðhæfingar um Barböru, sem ákærða hafi sannað að séu réttar.

Að því er varðar einstök ummæli er á því byggt að orðið mella hafi margþætta merkingu í íslensku máli, sé dregið af orðinu mademoiselle, þýði til dæmis tröllkona og sé einnig notað um lauslátar konur. Ákærða sé trúuð, henni því ofboðið það framferði Barböru að halda við kvæntan mann í Héraðsdómi Reykjavíkur, ákærða orðið reið vegna hins ranga dóms Barböru, við þær kringumstæður skrifað Facebook færslurnar sem ákært er fyrir, talið þau skrif eiga fullt erindi við almenning og fela í sér innlegg til mikilvægrar þjóðfélagsumræðu. Í skrifunum felist jafnframt aðhald við dómarastréttina og áminning til dómara um að þeir beri ríkari siðferðisskyldur en aðrir opinberir starfsmenn samkvæmt 29. gr. dómstólalaga. Símon Sigvaldason hafi og vísað til siðferðislegs hnekkis sem hann kynni að biða ef hann svaraði fyrir dómi spurningum um meint ástarsamband hans og Barböru og styðji sú afstaða Símonar eindregið réttmæti ummæla ákærðu í 1. tölulið ákæru. Framlagt bréf til Dómstólasýslunnar geri það einnig, en af bréfinu sé ljóst að Símon og Barbara áttu í ástarsambandi, sem ákærðu hafi verið meinað um frekari sönnur á með því að fá ekki að leiða meinta bréfitara fyrir dóm. Meta beri trúverðugleika vitnisburðar Barböru í ljósi bréfsins og sé hann lítill að mati ákærðu. Að öllu gættu liggi fyrir að þau ummæli að Barbara sé mella eigi sér stoð í staðreyndum og hafi verið sett fram í samhengi við umfjöllun ákærðu á Facebook um framhjáhald Barböru og Símonar; ummæli sem ákæruvaldið ákvað að taka ekki upp í heild í ákæru. Óháð því beri að virða mellu ummælin í samhengi við Facebook skrifin í heild og meta ummælin refsilaus, enda ákærðu frjálst að láta í ljós skoðun sína á Barböru og röngum dómi hennar. Það tjáningarfrelsi hljóti að vera enn ríkara en ella þegar saklaus borgari er dæmdur sekur í refsímáli og geti skoðun ákærðu og álit hennar á Barböru undir slíkum kringumstæðum ekki falið í sér ærumeiðingar.

Að því er varðar ummæli sem ákært er fyrir í 2. og 3. tölulið byggir ákærða á því að ummælin feli í sér álit ákærðu á dómi Barböru, vísar í því sambandi til dómsframburðar síns og telur sér frjálst að láta í ljós þá skoðun að Barbara hafi sýnt af sér glæpsamlega hegðun við meðferð umrædds dómsmáls, en Barbara hafi þar dæmt ákærðu saklausa og ákærða því eðlilega ályktað að þar byggji að baki „plott“ gegn henni, sem Barbara tæki þátt í með öðru hyski. Ummælin í heild feli í sér gildisdóm sem erfitt sé að sanna, en eigi sér vissa stoð í fyrirliggjandi málsgögnum.

Að virtum málavöxtum í heild og að gættum tjáningarfrelsisákvæðum 10. gr. MSE og 73. gr. stjórnarskrárinnar beri að sýkna ákærðu af kröfum ákæruvaldsins, en ellegar fella refsingu niður, sbr. 239. gr. almennra hegningarlaga.

V. - Um formhlið máls.

1.

Samkvæmt c. lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála skal í ákæru greina svo glögg sem verða má hver sú háttsemi er sem ákært er fyrir, hvar og hvenær brot er talið framið, heiti þess að lögum, aðra skilgreiningu og loks heimfærslu þess til refsíákvæða. Samkvæmt 1. mgr. 159. gr. athugar dómari við þingfestingu máls hvort á því séu gallar sem varðað geta frávísun málsins frá dómi án kröfu. Þá þegar eða hvenær sem er eftir þingfestingu getur dómari vísað máli frá dómi án kröfu, ef hann telur svo bersýnilega annmarka á málinu sem ekki verði bætt úr undir rekstri þess og efnisdómur verði því ekki kveðinn upp. Samkvæmt 1. mgr. 180. gr. má hvorki dæma sakborning fyrir aðra hegðun en þá sem í ákæru greinir né heldur dæma aðrar kröfur á hendur honum. Þó má dæma sakaráfelli þótt aukaatriði brots, svo sem staður og stund þess, séu ekki skýrt eða rétt tilgreind í ákæru, enda telji dómari að vörn hafi ekki verið áfátt þess vegna.

2.

Ákærðu er gefið að sök ærumeiðingar, ærumeiðandi aðdróttanir og að hafa haft í frammi ærumeiðandi aðdróttanir gegn betri vitund gagnvart Barböru Björnsdóttur með því að hafa 9. og 10. febrúar 2023, í kjölfar sakfellingardóms sem Barbara kvað upp í refsímáli á hendur ákærðu, skrifað nánar tilgreind ummæli um Barböru á Facebook síðu sinni, sem ákæruvaldið telur hafa verið til þess fallin að meiða æru Barböru og drótta nokkru sem var til þess fallið að verða virðingu hennar til hnekkis. Ákærð ummæli eru tekin upp í 1.-3. tölulið ákæru og þau talin varða refsingu samkvæmt 234. gr., 235. gr. og 1. mgr. 236. gr., „allt sbr. b. lið 242. gr.“ almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í 234. gr. er lögð refsing við því að meiða æru annars manns með móðgun í orðum eða athöfnum eða bera slíkt út. Í 235. gr. er lögð refsing við því að drótta að öðrum manni einhverju því sem verða myndi virðingu hans til hnekkis eða bera út slíka aðdróttun. Í 1. mgr. 236. gr. er lögð refsing við því að hafa í frammi ærumeiðandi aðdróttun eða bera út slíka aðdróttun gegn betri vitund. Þá segir í b. lið 2. töluliðar 242. gr. að hafi ærumeiðandi móðgun eða aðdróttun verið beint að manni sem er eða hefur verið opinber starfsmaður og móðgunin eða aðdróttunin varðar að einhverju leyti það starf hans, skuli slíkt brot sæta ákæru og opinberri saksókn ef sá krefst þess, sem misgert var við.

3.

Í málinu er óumdeilt að dagana 9. og 10. febrúar 2023 skrifaði ákærða á Facebook síðu sína þau ummæli sem ákært er fyrir, sem og að Barbara Björnsdóttir gegndi á þeim

tíma embætti héraðsdómara og gerir enn. Þá er óumdeilt að ummæli ákærðu beindust gegn Barböru og að hún hefur krafist þess að ákærðu verði refsað fyrir ummælin. Er því fullnægt áskilnaði b. liðar 2. töluliðar 242. gr. almennra hegningarlaga fyrir útgáfu ákæru.

Eins og áður segir skal ákæra vera svo skýr að ekki fari á milli mála hver sú háttsemi er sem ákært er fyrir og hvernig háttsemin er heimfærð til refsíákvæða; allt í þeim tilgangi að sakkborningur geti haldið uppi skynsamlegum vörnum gegn ákæru. Af greinargerð sem ákærða lagði fram undir rekstri máls verður ekki ráðið að vörnum hafi verið áfátt sökum óskýrleika ákæruskjals. Þá greindi ákærða án vandkvæða frá afstöðu sinni til sakarefnis fyrir dómi. Að því gættu og með vísan til 1. mgr. 159. gr. sakamálalaga fær dómurinn ekki séð að þeir annmarkar séu á ákæru í málinu sem valda því að efnisdómur verði ekki lagður á sakarefni. Kemur því ekki til frekari álita að vísa málinu frá dómi.

VI. - Niðurstöður um efni máls.

1.

Barbara Björnsdóttir var skipuð í embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur 1. apríl 2013 að undangenginni auglýsingu um laust embætti til umsóknar og að fenginni umsögn dómnefndar samkvæmt 4. gr. þágildandi dómstólalaga nr. 15/1998. Skipunarvald var hjá ráðherra. Árið 2017 var Barbara kosin varadómstjóri héraðsdóms til fimm ára, sbr. 31. gr. dómstólalaga nr. 50/2016 og hlaut í þeirri kosningu 12 af 19 greiddum atkvæðum samdómenda sinna. Verður tekið mið af þessum staðreyndum við úrlausn máls.

2.

Fimmtudaginn 9. febrúar 2023 kvað Barbara Björnsdóttir upp dóm í sakamáli sem ákæruvaldið höfðaði gegn ákærðu fyrir hótun í garð Semu Erlu Serdaroglu. Með dóminum var ákærða sakfelld fyrir brot á 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og dæmd í 30 daga skilorðsbundið fangelsi. Ákærða var viðstödd dómsuppsögu. Eftir að heim kom var hún að eigin sögn mjög reið og í miklu áfalli, taldi Barböru hafa níðst á henni í sínum dómi og komist að rangri niðurstöðu. Ákærðu hafi því verið mjög heitt í hamsi þegar hún skrifaði sama dag eftirfarandi færslu á Facebook síðu sína (skáletraður texti er tekinn upp í 1. tölulið ákæru):

2.1.

„Viðbjóðslegur dómur og lauslát mella gefur sinn dóm: Nú var ég sakfelld í dag af lauslátri konu sem seldi blíðu sína til að komast í stöðu dómara, Barbara Björnsdóttir er mella sem hélt við harðgiftan mann (Símon Sigvaldason) svokallaður Simmi Grimmi

eða Símon vondi, sem hefur verið uppáhald ákærvaldsins, því hann hefur dæmt saklausa menn að ósekju fyrir ákærvaldið. Þetta siðblinda pakk er auðsjáanlega að kalla eftir stríði sem þau munu fá, því ranglæti er eitthvað sem ég mun aldrei samþykkja, og enginn vill lenda á þeim stað. Vitni staðfestu minn vitnisburð, en það er ekki tekið mark á þeim, Sema viðurkenndi meira segja að Hákon (vitni) hafi hringt í sig til að vara hana við að ég væri á staðnum en hún sagðist hafa misst af símtalinu, Hákon sagði hinsvegar að hann hefði ekki haft símann með sér umrætt kvöld og þarna er augljóst misræmi í vitnisburði sem dómari tekur ekki mark á. *Fyrir mér er þessi dómari lauslát mella sem hefur selt sálu sína, og því verður svarað.* Og til að undirstrika allt þá verður þessu máli að sjálfsögðu áfrýjað og Símon Sigvaldar verður ekki tekin sem gildur því hann á í ástarsambandi við umræddan dómara (og þetta er umtalað innan dómara og lögmannastéttarinnar.) Frumskógarlög máli stjórna Íslandi miðað við þennan úrskurð, svo mikið er víst.“

2.2.

Daginn eftir að dómur féll, þ.e. föstudaginn 10. febrúar, birti ákærða svohljóðandi uppfærslu á Facebook síðu sinni (skáletraður texti er tekinn upp í 2. tölulið ákæru):

„Barbara dómari hafði samband við lögmann minn og bað um að þessi færsla yrði tekin út. Þessi kona dæmir mig saklausa í fangelsi fyrir að öskra á kellingu fyrir tæpum 5 árum síðan, fyrir að henda mér útaf bar sem pabbi hennar átti, vegna minna skoðana. *Dómarinn tekur ekki mark á vitnum og falsar vitnisburði sem komu skýrt fram í dómsal. Fyrir mér er þetta glæpsamleg hegðun og þarna augljóslega verið að misnota dómsvaldið til að hefna sín á borgurum, ég skulda þessari lauslátu konu ekki neitt, og hún má skammast sín. Viðbjóðslegur dómur og lauslát mella gefur sinn dóm: [framhald óbreytt frá fyrri færslu og lýkur svo], að ég væri á staðnum en hún sagðist hafa misst af.“*

2.3.

Sama dag tilkynnti ákærða á sömu síðu að verjandi hennar hefði sagt sig frá málinu vegna Facebook skrifanna. Óháð því teldi ákærða (skáletraður texti er tekinn upp í 3. tölulið ákæru) að „kona sem setur svartan blett á dómstóla og dæmir mig í fangelsi, þrátt fyrir að vitni hafi staðfest að Sema hafi átt upptökin á rifrildinu, óheiðarleg og ómerkileg svo vægt til orða tekið. *Þarna er augljóslega verið að misnota ríkisvaldið dómskerfið en þess má geta að fv. rannsóknarlögreglumáður hafði samband við mig fyrir 2. vikum síðan til að tilkynna mér það að ég myndi tapa málinu og Barbara dómari væri með í því plotti, nú hefur það komið á daginn.* Þar að auki þá féllust ákærvaldið og Sema Erla í faðma þegar búið var að úrskurða og ég mætti þeim í tröppunum í þinghúsinu því

ég var aðeins of sein en það voru þær að hlægja saman og segja gott á mig. Þetta land er miklu rotnara og ógeðslegra en mig grunaði. En ég kalla konur sem að halda við gifta menn, lauslátar mellur og ég stend við það, fyrir dómstólum líka ef hún kærir mig, *ég skulda þessu siðblinda hyski sem hagræðir dómum eftir beiðni, ekki neitt.*“

3.

Samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 fara dómendur með dómsvaldið og samkvæmt 61. gr. skulu dómendur í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum. Sjálfstæði dómstóla gegnir þannig lykilhlutverki í þrískiptingu ríkisvalds og markar dómurum sess undan áhrifum löggjafar- og framkvæmdarvalds. Er nánar kveðið á um þessa sérstöðu í dómstólalögum nr. 50/2016, en þar segir í 1. mgr. 43. gr. að dómarar séu sjálfstæðir í dómstörfum, leysi þau af hendi á eigin ábyrgð, skuli við úrlausn máls fara eingöngu eftir lögum og lúti þar aldrei boðvaldi annarra. Dómarar skulu vera óhlutdrægir í meðferð allra dómsmála og fara einungis eftir lögum og þeim sönnunargögnum sem færð eru fram í hverju og einu máli. Þá segir í 130. gr. almennra hegningarlaga að dómari sem gerist sekur um ranglæti við úrlausn máls eða meðferð þess í því skyni að niðurstaðan verði ranglát skuli sæta fangelsi allt að 6 árum og allt að 16 árum ef verknaður dómarans hefur haft eða verið ætlað að hafa í för með sér velferðarmissi fyrir annan mann.

4.

Samkvæmt 1. og 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar eru allir frjálsir skoðana sinna og sannfæringar og eiga rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en verða að ábyrgjast þær fyrir dómi. Samkvæmt 3. mgr. 73. gr. má því aðeins setja skorður við tjáningarfrelsi að það sé gert með lögum og í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær skorður nauðsynlegar og samrýmast lýðræðishefðum. Mannréttindaákvæði 73. gr. telst til grunnstoða lýðræðislegs samfélags og sækir fyrirmynd í 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), sbr. lög nr. 62/1994. Í 2. mgr. 10. gr. segir að þar sem af þessum réttindum leiði skyldur og ábyrgð sé heimilt að réttindin séu háð skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um „og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi“, meðal annars til verndar mannorði eða réttindum annarra. Friðhelgi einkalífs nýtur verndar 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrár og 8. gr. MSE. Af dómaframkvæmd mannréttindadómstóls Evrópu (MDE) er ljóst að æra og mannorð eru órjúfanlegir þættir í einkalífi manna, njóta verndar téðra mannréttindaákvæða og að við úrlausn hvers og eins máls þurfi að finna rétt jafnvægi milli tjáningarfrelsis og æruverndar, sbr. til hliðsjónar *Egill Einarsson gegn Íslandi* (mál nr. 24703/15).

5.

Við úrlausn þessa máls reynir á hvar mörkin liggja milli tjáningarfrelsis ákærðu og æruverndar Barböru Björnsdóttur og ræðst niðurstaða af heildstæðu mati á því hvort ákærða hafi með Facebook skrifum sínum 9. og 10. febrúar 2023 farið út fyrir þau mörk sem tjáningarfrelsinu má setja. Við það mat reynir á reglur og viðmið sem leiða má af dómaframkvæmd MDE og Hæstaréttar og byggjast á framsækinni túlkun á 8. og 10. gr. MSE og 71. og 73. gr. stjórnarskár. Við matið ber og að gæta þeirrar grunnreglu 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrár og 6. gr. MSE, sbr. 108. og 109. og laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála að sönnunarbyrði um sekt ákærðu hvílir alfarið á ákæruvaldinu og að allan skynsamlegan vafa um sekt beri að meta ákærðu í hag. Því til áréttingar skal nefnt að allar takmarkanir á tjáningarfrelsi ber að skýra þröngt og skulu þær rökstuddar með sannfærandi hætti og metnar á grundvelli þeirra viðmiða og reglna sem mótast hafa í réttarframkvæmd, sbr. til hliðsjónar 36. málsgrein í hæstaréttardómi nr. 28/2024.

MDE fangaði téð viðmið í *Peruzzi gegn Ítalíu* (mál nr. 39294/09) og tiltók að á grundvelli tjáningarfrelsisákvæðis 1. mgr. 10. gr. MSE þurfi að skoða í hverju tilviki (1) hvort takmörkun á tjáningarfrelsi sé sett samkvæmt lögum, (2) hvort með þeim lögum hafi verið stefnt að lögmætu markmiði og (3) hvort sú skcrðing á tjáningarfrelsi sem lög mæli fyrir um sé nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt telst brotið gegn því tjáningarfrelsi sem varið er af 2. mgr. 10. gr. MSE.

Í máli þessu er ágreiningslaust að tjáningarfrelsi eru settar skorður í 234. gr., 235. gr. og 1. mgr. 236. gr. almennra hegningarlaga og að þau lagaákvæði stefni að því lögmæta markmiði að vernda æru og mannorð annarra gegn ummælum sem ganga lengra en rúmast innan 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 10. gr. MSE. Eftir stendur hvort þær skorður séu, í því máli sem hér er til meðferðar, nauðsynlegar í lýðræðislegu þjóðfélagi til að gegna lögmætu markmiði sínu. Ber í því sambandi að vega og meta þau ummæli ákærðu í heild sem ákært er fyrir, í því samhengi sem þau voru sett fram í og með hliðsjón af réttarskapandi dómum MDE og Hæstaréttar.

6.

Af dómaframkvæmd MDE er ljóst að tjáningarfrelsi tekur ekki aðeins til hugsana, skoðana og upplýsinga sem hljóta jákvæðar eða hlutlausar móttökur og móðga engan heldur einnig til þeirra sem stuða, móðga eða hneyksla aðra, sbr. til hliðsjónar *Prager & Oberschlick gegn Austurríki* (mál nr. 15974/90), *Tammer gegn Eistlandi* (nr. 41205/98), *Peruzzi gegn Ítalíu* og *Morice gegn Frakklandi* (nr. 29369/10). Samhliða hefur MDE lagt

áherslu á að án umburðarlyndis og víðsýni gagnvart skoðana- og tjáningarfrelsi sé lýðræðislegt þjóðfélag ekki til staðar og tjáningarfrelsi verði því aðeins skert að fyrir hendi sé brýn samfélagsleg þörf, sbr. til hliðsjónar *Tammer gegn Eistlandi og Peruzzi gegn Ítalíu*.

6.1.

Þá hefur MDE lagt áherslu á að við mat á því hvort ummæli teljist réttlæt看leg sé nauðsynlegt að greina á milli staðhæfinga um staðreyndir og gildisdóma. Gera megi þá kröfu að staðhæfingar um staðreyndir séu sannaðar en í þeim tilvikum þar sem erfitt sé að koma við sönnun megi líta til þess hvort viðkomandi hafi verið í góðri trú um réttmæti ummæla sinna er hann lét þau falla. Gildisdómar, sem feli almennt í sér skoðanir manna, verði á hinn bóginn ekki sannaðir og ekki sé unnt að gera þá kröfu nema með því að brjóta gegn sjálfu skoðanafrelsinu. Þó verði að gera þær kröfur til gildisdóma að þeir hafi einhvern staðreyndalegan grundvöll sem styðji slík ummæli, sbr. til hliðsjónar *Peruzzi gegn Ítalíu, Morice gegn Frakklandi og Egill Einarsson gegn Íslandi*. Hæstiréttur fangaði sömu sjónarmið í máli nr. 28/2024, en þar í 38. málsgrein er svo greint á milli gildisdóma og staðhæfinga um staðreyndir að gildisdómur feli í sér huglægt mat á staðreynd án fullyrðingar um sömu staðreynd, öndvert við staðhæfingar sem vísi til beinna staðreynda án huglægs mats á þeim. Viðurkennt sé að frelsi manna til að tjá sig með gildisdómi njóti ríkari verndar en ósannaðar staðhæfingar um staðreyndir og birtist það meðal annars í því að mönnum verði ekki gert að sanna gildisdóma eða refsað fyrir þá takist þeim ekki slík sönnun, andstætt því sem jafnan gildi um staðhæfingar um staðreyndir. Við mat á réttmæti ummæla skuli litið til þess hvort um sé að ræða gildisdóm frekar en staðhæfingu um staðreynd, þó það eitt geti ekki ráðið úrslitum og beri að meta í hverju máli fyrir sig. Í tilvitnuðu hæstaréttarmáli var komist að þeirri niðurstöðu að þegar litið væri til efnis og orðalags tiltekinna ummæla X í textaskilaboðum til Y á Instagram yrði að telja að X hafi þar fléttað saman gildisdómum og staðhæfingum um staðreyndir og farið út fyrir þau mörk tjáningarfrelsis sem varin eru af 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. MDE. Af dóminum þykir ljóst að mörkin á milli gildisdóma og staðhæfinga um staðreyndir geta verið óljós og að í því máli sem hér er til meðferðar beri að skýra allan skynsamlegan vafa ákærðu í hag.

6.2.

MDE hefur greint á milli fjölmiðla og lögmanna varðandi mörk tjáningarfrelsis í gagnrýni á dómstóla og embættisstörf einstakra dómara. Viðurkennt er að fjölmiðlar gegni mikilvægu hlutverki í lýðræðislegu þjóðfélagi, beri þær skyldur gagnvart almenningi að miðla upplýsingum og skoðunum um þjóðfélagsleg málefni sem varða almenning miklu

og hafi því ákveðið svigrúm til að ögra og jafnvel ýkja í sínum fréttáflutningi, sbr. til hliðsjónar *Tammer gegn Eistlandi* og *Prager & Oberschlick gegn Austurríki*. Fjölmiðlum beri þó að gæta varfærni í umfjöllun um persónu og einkalíf annarra og beri ábyrgð á því ef meiðandi ummæli teljast ekki réttlætt á þeim grunni að þau eigi erindi við og varði almenning miklu. Samkvæmt MDE njóta lögmenn að vissu marki rýmra tjáningarfrelsis í ljósi þess að þeim ber að verja málstað sinna umbjóðenda til hins ítrasta. Þannig mega lögmenn í ríkum mæli tjá sig opinberlega og gagnrýna framkvæmd dómsvalds og störf einstakra dómara, þó þannig að sú gagnrýni sé ekki tilefnislaus og miði ekki að því að ná sér persónulega niðri á eða jafna metin við hlutaðeigandi dómara sem dæmdi tiltekið mál, sbr. til hliðsjónar *Peruzzi gegn Ítalíu* og *Morice gegn Frakklandi*. Í sumum tilvikum geti verið nauðsynlegt að vernda dómara sérstaklega gegn móðgandi árásum á mannorð þeirra og starfsheiður í tengslum við rækslu embættisstarfa, enda eigi þeir stöðu sinnar vegna óhægt um vik að svara slíkri gagnrýni og verða sem opinberir starfsmenn að njóta ákveðins trausts almennings í sínum ábyrgðarstörfum. Hvað sem því líði þurfi dómara, í sumum tilvikum og upp að vissu marki, að þola meiri gagnrýni en hinn almenni borgari, þó ekki í sama mæli og stjórnmalámennt, sem með þátttöku í stjórnmalum opni dyr fyrir opinberri og þjóðfélagslegri gagnrýni á störf þeirra, sbr. til hliðsjónar *Peruzzi gegn Ítalíu* og *Morice gegn Frakklandi*.

6.3.

Í ljósi þess sem síðast er rakið skal nefna að í *Peruzzi gegn Ítalíu* komst MDE að þeirri niðurstöðu að ummæli lögmanns í opnu bréfi til X dómara og samdómenda hans við héraðsdómstól á Ítalíu, sem beint var að X persónulega og lutu að því að X væri hlutdrægur dómari og hafi af fúsum vilja gert mistök og það fyrir sakir illgjarns ásetnings og alvarlegra embættisafglapa, færu út fyrir þau mörk tjáningarfrelsis sem nauðsynlegt sé að verja í lýðræðislegu þjóðfélagi í skilningi 2. mgr. 10. gr. MSE.

Loks skal hér nefnt að við mat á því hvar mörkin liggja milli tjáningarfrelsis annars vegar og æruverndar hins vegar telur MDE að eftir atvikum hvers máls þurfi að horfa til þess hvort og hversu kunn sú persóna er sem gagnrýni sætir og hvort sú persóna hafi sjálf tekið þátt í umræðum um málefni sem varða almenning og tengjast þeim ummælum sem gagnrýnd eru, sbr. til hliðsjónar *Egill Einarsson gegn Íslandi*.

7.

Fyrir liggur að Barbara Björnsdóttir kvað upp dóm í Héraðsdómi Reykjavíkur 9. febrúar 2023, sakfelldi ákærðu fyrir hótunarbrot og dæmdi hana í 30 daga skilorðsbundið

fangelsi. Enn fremur, að ákærða reiddist þeim dómi, skrifaði sama dag þá færslu á Facebook síðu sína sem frá greinir í kafla VI.-2.1. dómsins og fylgdi þeim skrifum eftir með þeim færslum sem frá greinir í köflum VI.-2.2. og VI.-2.3. Með dómi Landsréttar 15. desember 2023 var dómi Barböru snúið við og ákærða sýknuð af téðu hótunarbroti.

Ummælin sem ákært er fyrir í 1.-3. tölulið ákæru ber að meta heildstætt og í því samhengi sem þau voru sett fram í. Ummælin og Facebook færslur ákærðu í heild verða ekki skýrð eða réttlætt á þeim grunni að um fréttáflutning hafi verið að ræða í skilningi 1. mgr. 26. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla. Er því heldur ekki haldið fram af hálfu ákærðu þótt hún hafi fyrir dómi sagst vera blaðamaður. Af færslunum og dómsframburði ákærðu þykir þvert á móti ljóst að hvorki var gætt hlutlægni og nákvæmni í skrifum né heldur fjallað af varfærni um persónu og einkalíf Barböru. Að gættum þessum atriðum þykir ekki verða dregin önnur haldbær ályktun en sú að Facebook færslurnar hafi verið skrifaðar af einstaklingi sem var mjög reiður og ósáttur í kjölfar dóms Barböru. Verður við þetta miðað við úrlausn máls.

7.1.

Varnir ákærðu lúta að stórum hluta að því að Barbara sé „*lauslát mella*“, sbr. 1. töluliður ákæru og „*lauslát kona*“, sbr. 2. töluliður og hefur ákærða lagt ríka áherslu á að sanna að svo sé. Slík ummæli ein og sér geta falið í sér gildisdóm. Tilgreind ummæli verða hins vegar ekki slitin úr samhengi við Facebook skrif ákærðu í heild og sér í lagi ekki þá staðhæfingu ákærðu, sem ákært er fyrir í 1. tölulið, að hún hafi verið sakfelld af „*lauslátri konu sem seldi blíðu sína til að komast í stöð dómara, Barbara Björnsdóttir er mella* [...]“

Samkvæmt almennum málskilningi hefur „*mella*“ sömu merkingu og orðin hóra og skækja og vísar til konu sem selur blíðu sína gegn greiðslu eða er annars mjög lauslát. Ákærða staðfesti þann orðskilning fyrir sitt leyti við skýrslugjöf hjá lögreglu og kvaðst standa föst á því að Barbara væri lauslát mella og skækja sem hefði haldið við kvæntan mann og selt blíðu sína til að komast í stöðu dómara. Að gættum orðskilningi ákærðu verða þau ummæli að Barbara sé lauslát mella sem selt hafi blíðu sína til að fá dómarastöðu ekki skilin á annan haldbæran veg en að Barbara hafi boðið einum eða fleiri einstaklingum líkama sinn til kynferðislegra nota svo að hún hlyti skipun í dómaraembætti.

Það er álit dómsins að hvað sem líður meintu ástarsambandi Barböru Björnsdóttur og nafngreinds samdómanda hennar í Héraðsdómi Reykjavíkur á árunum 2017-2018 beri við úrlausn máls að líta til þess að ákærða staðhæfði í Facebook færslu 9. febrúar 2023 að Barbara væri lauslát mella „*sem seldi blíðu sína til að komast í stöðu dómara*“. Er áður

rakið að Barbara hlaut skipun í embætti héraðsdómara 2013. Fyrir dómi gekkst ákærða við því að tilvitnuð staðhæfing sé röng og kvaðst hafa átt við að Barbara hafi selt blíðu sína til að verða varadómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur. Sú viðbára breytir engu um úrlausn sakarefnis samkvæmt 1. ákærulið, en ef byggja ætti á eftir á skýringu ákærðu verður að ætla að Barbara hafi selt blíðu sína til 12 af 19 samdómendum sínum til að fá atkvæði þeirra við kosningu í stöðu varadómstjóra. Tilvitnuð staðhæfing að ofan, sem ákært er fyrir í málinu, er annað hvort röng eða alls ósönnuð og breytir engu í því sambandi hvort Barbara hafi átt í ástarsambandi við annan dómara í Héraðsdómi Reykjavíkur eftir að hún varð héraðsdómari.

7.2.

Í fyrri Facebook færslu sinni 10. febrúar 2023 staðhæfði ákærða að Barbara hafi í þeim dómi sem hún kvað upp 9. febrúar „falsað vitnisburði sem komu skýrt fram í dómsal“ og með dóminum „augljóslega verið að misnota dómsvaldið til að hefna sín á borgurum“. Við aðalmeðferð þessa máls gekkst ákærða við því að Barbara hafi ekki falsað framburð tiltekins vitnis og hún í sínum dómi greint réttilega frá því sem viðkomandi vitni sagði fyrir dómi. Þegar að gættum þeim framburði ákærðu þykir sú staðhæfing augljóslega röng að Barbara hafi falsað framburð vitna fyrir dómi. Af því leiðir að röng er og tilhæfulaus sú staðhæfing ákærðu á Facebook að Barbara hafi þannig augljóslega misnotað dómsvald til að hefna sín á ákærðu eða öðrum borgurum þessa lands, sbr. 2. töluliður ákæru.

7.3.

Í seinni Facebook færslu ákærðu 10. febrúar áréttar hún tilhæfulausa staðhæfingu um að Barbara hafi daginn áður misnotað dómsvald sitt til að ná sér niðri á ákærðu og bætur um betur með því að staðhæfa að Barbara hafi við meðferð sakamálsins á hendur ákærðu tekið þátt í „plotti“ gegn ákærðu og sakfelling hennar í því máli verið fyrir fram ákveðin „eftir beiðni“. Þrátt fyrir alvarleika slíkra ávirðinga á hendur Barböru við rækslu þeirra mikilvægu starfa sem henni eru falin samkvæmt stjórnarskrá hefur ákærða ekkert fært fram þeirri staðhæfingu til stuðnings að Barbara hafi tekið þátt í samsæri um að fella vísitandi ranga sök á ákærðu og telst sú staðhæfing, líkt og hin fyrri, alls ósönnuð og tilhæfulaus.

7.4.

Samkvæmt því sem rakið er í köflum 7.1. til 7.3. verða þau ummæli ákærðu sem ákært er fyrir aðeins skýrð í því ljósi að ákærða taldi sig hafa fengið ranglátan dóm Barböru Björnsdóttur 9. febrúar 2023. Óháð því að þeim dómi hafi síðar verið snúið við í Landsrétti er það álit þessa dóms að Facebook skrif ákærðu 9.-10. febrúar feli í heild í sér persónulegt

níð gagnvart Barböru, að því er virðist vegna meints ástarsambands hennar og Símonar Sigvaldasonar samdómanda hennar, og að ákærða hafi með skrifunum stefnt að því einu að ná sér niðri á Barböru og jafna metin við hana vegna dóms Barböru. Að gengnum þeim dómi var ákærðu, að því marki sem hún taldi nauðsyn til, hægt um vik að gagnrýna dóminn með málefnalegum rökum. Það gerði ákærða ekki. Þess í stað veittist hún með afar beinskeyttum og óvægnum hætti að persónu og einkalífi Barböru og vóg að æru hennar og mannorði, ýmist með röngum staðhæfingum um staðreyndir eða með því að flétta saman gildisdómum og röngum staðhæfingum, án þess að sú aðför verði réttlætt á grundvelli haldbærra sönnunargagna eða sýnt hafi verið fram á að Facebook skrifin hafi átt nauðsynlegt erindi við almenning, verið liður í þjóðfélagssumræðu eða geti hafa varðað almenning miklu. Þá verður með hliðsjón af því sem áður er rakið, atvikum málsins og merkingu þess orðfæris sem ákærða notaði ekki séð að ummælin séu réttlætanleg með hliðsjón af því að ákærða hafi verið í góðri trú um réttmæti þeirra. Skrifin voru þvert á móti til þess eins fallin að skaða mannorð og starfsheiður Barböru. Að því sögðu og með hliðsjón af dómum MDE í *Peruzzi gegn Ítalíu* og *Morice gegn Frakklandi* er það álit þessa dóms að ákærða hafi með Facebook skrifum sínum 9.-10. febrúar 2023 farið út fyrir þau mörk tjáningarfrelsis sem nauðsynlegt er að verja í lýðræðislegu þjóðfélagi í skilningi 2. mgr. 10. gr. MSE og 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt því og á grundvelli heildarmats á fyrirliggjandi gögnum er það niðurstaða dómsins að ákærða hafi, með þeim ummælum sem ákært er fyrir í 1.-3. tölulið ákæru, að tilhæfulausu móðgað Barböru í skilningi 234. gr. almennra hegningarlaga, að tilhæfulausu og með grófum hætti dróttað að meintri refsiverðri háttsemi Barböru í skilningi 235. gr. og það gert án þess að fótur væri fyrir þeim aðdróttunum í skilningi 1. mgr. 236. gr. Er ákærða þannig sek um þá háttsemi sem hún er borin í ákæru.

8.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu hefur hún þrívægis hlotið refsingu fyrir brot gegn umferðarlögum; síðast 31. mars 2020. Hafa þau brot engin áhrif við ákvörðun refsingar í máli þessu. Við refsiakvörðun ber að fara varlega í að refsa einstaklingi sem fer út fyrir þau mörk tjáningarfrelsis sem varin eru af 10. gr. MSE og 73. gr. stjórnarskrár, enda getur refsing ein og sér falið í sér skorður á tjáningarfrelsinu og haft þau áhrif að einstaklingar þori ekki að nýta sér það frelsi, sbr. til hliðsjónar dómur MDE í *Tammer gegn Eistlandi*, *Peruzzi gegn Ítalíu* og *Morice gegn Frakklandi*. Ummæli þau sem ákærða er sakfelld fyrir féllu fyrir rúmum þremur árum og „í hita leiksins“, svo notuð séu orð ákærðu. Með

ummælunum vóg ákærða gróflega og að ósekju að mannorði og starfsheiðri Barböru Björnsdóttur héraðsdómara. Ummælin eru tilhæfulaus, dæma sig sjálf og eru rituð af einstaklingi sem var greinilega í mikilli geðshræringu yfir sakfellingardómi Barböru, sem síðar var snúið við í Landsrétti. Að þessu virtu, sem og öðru framansögðu og að gættum tilgreindum dómum MDE þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin 200.000 króna sekt í ríkissjóð. Greiði ákærða ekki þá sekt innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu skal koma hennar í stað fangelsi í 14 daga.

9.

Mál þetta var þingfest 1. júlí 2024. Undir rekstri máls voru kveðnir upp í héraði fimm úrskurðir um formhlið máls og sættu fjórir þeirra kæru til Landsréttar. Með kærnunum fékk ákærða því framgengt að settur héraðsdómari viki ekki sæti í málinu, að þinghald til aðalmeðferðar yrði háð fyrir opnum dyrum og að hún fengi að leggja fram bréf til Dómstólasýslunnar. Að því gættu þykir rétt að skipta sakarkostnaði í málinu þannig að ákærða greiði 2/3 hluta sakarkostnaðar en 1/3 hluti falli á ríkissjóð, þó þannig að ákærða greiði ein þóknun Skúla Sveinssonar verjanda síns á rannsóknarstigi máls og fyrstu stigum dómsmeðferðar. Með hliðsjón af umfangi þeirra starfa og að teknu tilliti til tímaskýrslu Skúla Sveinssonar og viðmiðunarréglna Dómstólasýslunnar nr. 1/2026 þykir þóknun hans hæfilega ákveðin 600.780 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Hilmar Garðars Þorsteinsson tók við verjandastörfum í júlí 2024. Með hliðsjón af umfangi þeirra starfa og að teknu tilliti til tímaskýrslu verjandans og téðra réglna þykja málsvarnarlaun hæfilega ákveðin 3.887.400 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Dómurinn er kveðinn upp af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara.

Dómsorð:

Ákærða, Margrét McArthur Friðriksdóttir, greiði 200.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu, en sæti ella fangelsi í 14 daga.

Ákærða greiði 600.780 króna þóknun Skúla Sveinssonar fyrrum verjanda síns og 2/3 hluta 3.887.400 króna málsvarnarlauna Hilmar Garðars Þorsteinssonar verjanda síns en 1/3 hluti þeirra málsvarnarlauna greiðist úr ríkissjóði.

Jónas Jóhannsson

Rétt endurrit staðfestir.
Héraðsdómi Reykjavíkur, 4. júní 2026.

